



Áfangalýsing ML

Titill:	Kenningar og rannsóknaraðferðir
Námsgrein:	Félagsfræði
Viðfangsefni:	Kenningar og rannsóknaraðferðir
Skammstöfun:	FÉLA2KR05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	<p>Í áfanganum er fjallað um frumkvöðla félagsfræðinnar og kynntar helstu kenningar og rannsóknaraðferðir greinarinnar. Tengsl einstaklinga og samfélags eru skoðuð og greind í ljósi ólíkra kenninga. Í áfanganum er farið yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur fá þjálfun í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélaginu, bæði almennt og á tiltekin viðfangsefni. Bornar eru saman eigindlegar og meginlegar rannsóknir og tengsl þeirra við kenningar. Nemendur fá þjálfun í að beita rannsóknaraðferðum og fylgja vísindalegu rannsóknarferli þar sem áhersla er lögð á aðferðarfræðileg og siðferðisleg vandamál sem tengjast rannsóknum í félagsvísindum. Meginmarkmið áfangans er að auka áhuga, þekkingu og skilning nemenda á kenningum og rannsóknaraðferðum, til þess að þeir verði færir um að meta, taka afstöðu til og fjalla á gagnrýninn hátt um rannsóknir félagsvísindamanna og beita þeim í nokkrum mæli.</p>
Forkröfur:	Inngangur að félagsvísindum eða sambærilegum áfanga á 1 þrepi. Grunnáfangi í tölfræði - lokið eða unnið samhliða.
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• kenningarsjónarhornum félagsfræðinnar; samskipta-, samvirkni- og áttakkenningum• meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum• helstu hugtökum félagsfræðinnar
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• tengja saman rannsóknarniðurstöður og kenningar• beita kenningum á mismunandi viðfangsefni• beita hugtökum á mismunandi viðfangsefni• beita rannsóknaraðferðum á mismunandi viðfangsefni• taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála



Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• sjá félagsleg hugðarefni út frá mismunandi kenningarlegum sjónarhornum• greina áhrif m.a. stéttar, kyns og kynþáttar á stöðu fólks og samskipti• geta lagt mat á rannsóknir í félagsvísindum• leggja mat á hvaða rannsóknaraðferðir henta best við mismunandi aðstæður og á mismunandi rannsóknarefni• geta metið eigið vinnuframlag og annarra• geta sett fram þekkingu sína í ræðu og riti
Námsmat	Skilgreint í kennsluáætlun.